

**Ed.**

**295. Tillaga**

til þingsályktunar um stofnun húsmæðraskóla á Staðarfelli.

Flutningsm.: Jónas Jónsson og Sigurður Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að gera nú þegar á þessu ári, í samráði við forseta Búnaðarfelags Íslands, ráðstafanir til, að stofnaður verði sem allra fyrst húsmæðraskóli fyrir Vesturland að Staðarfelli.

**Greinargerð.**

Með tveim gjöfum til húsmæðraskóla á Vesturlandi, Herdisarsjóðnum og jörðinni Staðarfelli, hefir landinu verið gert kleift að koma upp hinum fyrsta húsmæðraskóla og reka hann, án þess að landssjóður þurfi nokkuð verulegt af mörkum að leggja, nema eitthvert litilræði við rannsókn málsins.